

Hlíf Sigurjónsdóttir stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og síðar sótti hún tíma hjá Gerald Beal í New York. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum síðustu aldar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum og haldið fjölda einleikstónleika. Helstu tónleikar liðinna ára voru í Weill sal Carnegie Hall og í Washington borg, í röðinni *The Embassy Series*. Hún vinnur nú einnig að upptökum á öllum einleikverkum J.S. Bach fyrir fiðlu. Hlíf er eftirsóttur kennari, hefur haldið námskeið á Spáni og kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Bandaríski píanóleikarinn **Lincoln Mayorga** er vel þekktur vestan hafs fyrir afar fjölbreyttan píanóleik. Hann er eftirsóttur klassískur píanóleikari, hefur t.d. leikið með Los Angeles Philharmonic Orchestra og Moskvu filharmonían valdi hann sem einleikara á fyrstu tónleikum sínum með bandarískum verkum eingöngu árið 1988. Undanfarin ár hefur hann leikið víða um Evrópu og í Rússlandi og haldið tónleika í yfir 200 borgum í Norður Ameríku.

Lincoln hefur einnig sérstakan áhuga á að leika léttari tónlist og jazz og var nýverið gestur 'Piano Jazz' sjónvarpsstöðvarinnar NPR. Hann var um árabil píanóleikari *Walt Disney Studios* í Hollywood og lék inn á bíómyndir t.d. *Rósin*, *Harold & Moude* og *Splash* og sjónvarpsþættina *Húsið á sléttunni* og *Dallas*. Einnig kom hann að því að semja tónlist fyrir þáttaröðina *Fame*. Hann hefur og komið við í poppgeiranum, hefur útsett fyrir og leikið með t.d. Barbara Streisand og Quincy Jones.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

*Kvöldstund með
Fritz Kreisler*

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla
og
Lincoln Mayorga píanó



Fritz Kreisler fæddist í Vínarborg 1875 og stundaði nám þar og í París. Eftir vel heppnaða tónleikaferð til Bandaríkjanna 1888 og 89 sótti hann um stöðu fiðluleikara við Fílharmóníusveit Vínarborgar en var hafnað. Þá ákvað hann að leggja tónlistina á hilluna og sneri sér að læknisfræði og síðar málalílist. Hann gekk í herinn, en sneri sér fljótt aftur að fiðlunni og árið 1899 hélt hann tónleika með Berlínar Fílharmóníunni undir stjórn Arthur Nikisch. Þessir tónleikar og nokkrar ferðir til Ameríku á árunum 1901–1903 færðu honum frægð sem fiðluleikari í hinum vestræna heimi og Edward Elgar samdi fyrir hann fiðlukonsert sem hann frumflutti árið 1910.

Hann tók þátt í fyrri heimstyrjöldinni fyrir Austurríkismenn, en særðist og fór til Bandaríkjanna. Árið 1924 flutti hann til Berlínar, og þaðan til Frakklands 1938. Skömmu síðar flutti hann vestur um haf, varð bandarískur ríkisborgari 1943, og bjó þar til dauðadags. Síðustu opinberu tónleika sína hélt hann árið 1947 og en hann lést í New York borg 1962.

Fritz Kreisler var einn af ástsælustu fiðluleikurum síns tíma og var við brugðið hve hann gat hrifið fólk með sér með persónu- töfrum sínum og fiðlutóni. Hann var tónskáld gott, samdi óperettur, strengjakvartetta og sérstaklega var honum lagið að útsetja verk annarra fyrir fiðlu og píanó. Þekktar eru kadensur hans við fiðlukonserta Brahms og Beethovens. Einnig samdi hann mörg smáverk sem hann kynnti sem verk 17. eða 18. aldar gleymdra meistara eins og Pugnani og Tartini.

Fritz Kreisler

tónsmíðar og útsetningar

Caprice Viennois

Schön Rosmarin

Liebesleid

Liebesfreud

Tilbrigði við tilbrigði Tartini við stef eftir Corelli

Rondino við stef eftir Ludwig van Beethoven

Cavatina

Ungverskur dans nr. 17 eftir Johannes Brahms

Spánskur dans eftir Enrique Granados

Tango eftir Isaac Albeniz

Spánskur dans úr *La vida breve* eftir Manuel de Falla

Hlíf Sigurjóns furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto and Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York. During her studies, she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century, such as William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci and Igor Oistrach.

Sigurjóns has performed numerous concerts, as a soloist or with groups and symphony orchestras. Recent concert sites include New York - Weill Hall of Carnegie Hall, and Washington DC - as a part of The Embassy Series. Currently she is recording for CD all J.S. Bach's partitas and sonatas and the 44 violin Duos by Béla Bartók. Sigurjóns is sought after as a teacher and gives private lessons in Iceland, Spain and New York.

The American pianist **Lincoln Mayorga** is a very versatile performer, enjoying concurrently the traditional concert world as well as the field of popular music and jazz. Recently his concert tours have taken him to Russia, Europe and over 200 cities in North America appearing in such diverse repertoire as the Beethoven *Triple* and Bolling's *Suite for Chamber Orchestra and Jazz piano Trio*. The latest of his many recording projects include the complete Chopin Preludes and works by Brahms and Prokefiev.

As a staff pianist for Walt Disney Studios Mayorga has performed on the sound track of the films e.g. *The competition*, *The Rose*, *Harald & Maude*, *Splash* and such television programs as *Highway to Heaven*, *Little House on the Prairie* and *Dallas*. His composing credits include background scores for the hit series *Fame*. In the pop music field, he has accompanied and written arrangements for Barbara Streisand, Johnny Mathis, Vikki Carr, Andy Williams, Mel Tormè and Quincy Jones. Mr. Mayorga has also recently completed recordings of songs by Irving Berlin, featuring Margie Gibson and songs by George Gershwin and Jerome Kern, with soprano Marni Nixon. He was recently featured as a guest on *Piano Jazz*, Marion McPartland's popular radio show on NPR.